

Reglur um prófgögn í prófum við Lagadeild Háskóla Íslands

samþykktar á deildarfundi í Lagadeild 25. apríl 2017.

1. gr.

Skrifleg lokapróf við lagadeild skulu að jafnaði leyst í tölvum háskólans þar sem nemendur hafa aðgang að rafrænu lagasafni. Umsjónarkennari getur ákveðið að nemendur hafi aðgang að frekari gögnum á rafrænu heimasvæði.

2. gr.

Umsjónarkennari getur heimilað nemendum að hafa tiltekin gögn með sér í próf.

Ákveði Umsjónarkennari að heimila nemendum að hafa tiltekin lög með sér í próf eru hvers kyns merkingar inn á löginn óheimilar. Undirstrikanir og einfaldar yfirstrikanir með áherslupenna eru þó heimilar nema Umsjónarkennari takmarki það sérstaklega. Lög sem heimilt er að hafa með í próf skulu prentuð út af vef Alþingis.

3. gr.

Umsjónarkennara ber að tilkynna nemendum í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok kennslu hvaða viðbótargögn verða aðgengileg á rafrænu heimasvæði nemenda í prófi og hvaða gögn nemanda er heimilt að taka með sér.

4. gr.

Um heimiluð gögn í fjarprófum gilda ákvæði reglna lagadeildar um fjarpróf (heimapróf), samþykktar á deildarfundi 27. janúar 2009, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglur þessar taka gildi 14. ágúst 2017. Á sama tíma falla úr gildi reglur um gögn sem stúdentar í lagadeild Háskóla Íslands mega hafa með sér í skriflegum prófum, sem samþykktar voru á deildarfundi í lagadeild 25. október 2005.